

AUGLÝSING

um gjald fyrir birtingu staðfesta skipulagsskráa í B-deild Stjórnartíðinda.

Gjald fyrir að birta skipulagsskrá, eða breytingu á henni, sem staðfest er samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988 í B-deild Stjórnartíðinda skal vera kr. 13.200.

Auglýsing þessi öðlast gildi 1. júlí 2001. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 89/1998 um sama efni.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. júní 2001.

Sólveig Pétursdóttir.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 470

15. júní 2001

REGLUR

um fyrsta söludag almennra útboða verðbréfa.

Seðlabanki Íslands setur hér með á grundvelli heimildar í 28. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfavíðskipti, með síðari breytingum, reglur um fyrsta söludag einstakra almennra útboða verðbréfa í því skyni að draga úr sveiflum í framboði nýrra verðbréfa á verðbréfa-markaðnum.

1. gr.

Þegar skráningarlýsing er tekin gild sem útboðslýsing skulu kauphallir, svo og aðrir skipulegir verðbréfamarkaðir sem Fjármálaeftirlitið felur að annast athugun á útboðslýsingum, í upphafi meðferðar á skráningar- eða útboðslýsingum, tilkynna Seðlabanka Íslands, lögfræðingum, með rafrænum hætti, um fyrirhuguð almenn útboð ásamt upplýsingum um öll helstu einkenni þeirra og í því formi sem bankinn telur fullnægjandi.

Auk framangreindra tilkynninga skulu sömu aðilar og nefndir eru í 1. mgr., um leið og endanleg ákvörðun liggur fyrir um fyrirhugaðan fyrsta söludag almenns útboðs, þó í síðasta lagi 3 afgreiðsludögum áður en áformað er að birta útboðsauglýsingu, tilkynna Seðlabankanum, lögfræðingum um nefndan dag, með rafrænum hætti og í því formi sem bankinn telur fullnægjandi.

Á grundvelli samstarfssamnings Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins tilkynnir Fjármálaeftirlitið Seðlabankanum um atriði þau er greinir í 1. og 2. mgr. þegar athugun útboðslýsingar er í höndum Fjármálaeftirlitsins.

Sé almennu útboði skipt í fleiri en einn áfanga, skal lýsa áformuðum áföngum og tilkynna síðan um fyrirhugaða fyrstu söludaga í síðari áföngum með sama hætti og tilkynnt var um fyrirhugaðan fyrsta söludag í fyrsta áfanga.

Seðlabankinn skal staðfesta móttöku framangreindra tilkynninga með rafrænum hætti um leið og þær berast.

Tilkynni Seðlabankinn ekki sendanda tilkynningar um breytingu á fyrirhuguðum fyrsta söludegi almenns útboðs, áður en tveir afgreiðsludagar banka eru til birtingar útboðsauglýsingar, skoðast sá dagur samþykktur án sérstakrar tilkynningar bankans. Ákveði Seðlabankinn hins vegar, fyrir nefndan frest, að breyta fyrirhuguðum fyrsta söludegi almenns útboðs verðbréfa, skal bankinn hafa samráð við sendanda tilkynningar um nýjan fyrsta söludag, áður en ákvörðun er tilkynnt.